



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ásahrepps  
Gísli Gíslason  
Steinsholti  
851 Hella

Reykjavík, 24. maí 2005  
Tilvísun: UST20050200130/sf

### Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Ásahrepps dags. 17. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014 á Holtamannafrétti. Breytingarnar varða Norðlingaölduveitu og jarðvarmavirkjun í Sveðjuhrauni.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### Norðlingaölduveita

Tillagan að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014 gerir m.a. ráð fyrir Norðlingaölduveitu samkvæmt úrskurði setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrir liggja mismunandi tillögur um landnotkun á svæðinu, t.d. bæði tillögur um virkjanir og um friðlýsingu.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar „*Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði*“ er lagt til, í samræmi við tillögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps, að friðlandið Þjórsárver verði stækkað. Í umfjöllun um forsendur fyrir vernd, viðföng og viðmið segir að með stækkun friðlands sé stuðlað að víðtækari og markvissari verndun á gróðurlendi Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna og sérstakri landslagsheild. Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu munu skerða þá landslagsheild.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að ef af framkvæmdum verður verði þess gætt að innan þess svæðis sem tillagan nær yfir, en eru utan friðlandsins, falli þær eins vel að landslaginu og unnt er.

Umhverfisstofnun gaf með bréfi dags. 1. júlí 2003 umsögn um tillögu að veitutilhögun Norðlingaölduveitu að beiðni Landsvirkjunar. Við þá umfjöllun var hlutverk

Umhverfisstofnunar fyrst og fremst að tryggja að framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu hefðu ekki áhrif inn í friðlandið í Þjórsárverum. Niðurstaða stofnunarinnar var sú að fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þær voru kynntar stofnuninni hefðu ekki langtímaáhrif inn í friðlandið og sköpuðu ekki hættu á að því yrði spillt að gefnum ákveðnum forsendum. Þær forsendur voru m.a. þær að aursöfnun ætti sér ekki stað neðan friðlandsins, að vatnsborð muni

Umhverfisstofnun bendir á að meðal fyrrgreindra náma er náma á aurum Köldukvíslar og er samkvæmt greinargerð gert ráð fyrir efnistöku þar allt að 100.000 m<sup>3</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að hvorki liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum efnistöku á aurum Köldukvíslar né mat á umhverfisáhrifum jarðvarmavirkjunar við Hágöngur. Því hefur ekki farið fram mat á umhverfisáhrifum fyrir námu E21 eins og segir í greinargerð með skipulagstillögunni. Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar um jarðhitarannsóknir í Köldukvíslarbotnum í Ásahreppi frá júlí 2002 kom fram að áætluð efnisþörf vegna borunar tveggja rannsóknarhola væri 10.-12.000 m<sup>3</sup> af efni í borteiga og 5-6.000 m<sup>3</sup> vegna slóðagerða og vinnubúða. Gert var ráð fyrir að efni yrði sótt í eyrar Köldukvíslar. Fram kom í tilkynningunni að gengið yrði frá efnisnámunni að framkvæmdum loknum. Það efnismagn sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir að tekið verði á eyrum Köldukvíslar, væntanlega í tengslum við byggingu jarðvarmavirkjunar í Sveðjuhrauni, er mun meira eða allt að 100.000 m<sup>3</sup> og er yfir þeim viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að vart sé tímabært að sýna á aðalskipulagsuppdrætti efnisnám sem tengist byggingu jarðvarmavirkjunar Köldukvíslarbotnum enda er sú framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í mati á umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar yrði væntanlega fjallað um efnistöku vegna framkvæmdanna, enda eru áhrif efnistöku hluti af umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í heild sinni. Ef efnistökusvæðið verður hins vegar sýnt á aðalskipulagi telur Umhverfisstofnun að gera verði fyrirvara þess efnis að ekki liggi fyrir mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að fjalla verður um efnistöku í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Gæta verður þess að umfjöllun um efnistöku vegna Norðlingaölduveitu sé í samræmi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en einhvers ósamræmis virðist gæta þar, sbr. einnig bréf Skipulagsstofnunar dags. 26. apríl sl. sem Umhverfisstofnun hefur fengið afrit af.

### **Samgöngur**

Í greinargerð kemur fram að í samræmi við gildandi svæðisskipulag verði lagður uppbyggður vegur í flokki fjallveg frá núverandi Sprengisandsleið að mannvirkjum við Norðlingaöldulón. Gert er ráð fyrir breytingu á legu vegarins vestan við Illugaver á um 2 km kafla. Umhverfisstofnun er ekki mótfallin hugmyndum um veltengingu yfir Þjórsá á stíflu en bendir á að slík leið gæti valdið aukinni hættu á umferð inn í friðlandið og þar með auknu álagi á lífríki þess. Því gæti þurft að grípa til stýringar á umferð inn í friðlandið og jafnvel lokun fyrir umferð, leiði reynslan slíkt í ljós. Umhverfisstofnun áskilur sér því rétt til að koma með frekari athugasemdir við umrædda veltengingu þegar og ef af henni verður.

### **Vonarskarðsleið – Sveðjuhraun**

Gert er ráð fyrir nýjum vegi í flokki fjallveg frá núverandi vegi við Hágöngur, meðfram Hágöngulóni að vestan og norðan að fyrirhuguðu rannsókn- og vinnslusvæði jarðvarmavirkjunar í Sveðjuhrauni. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda við framkvæmdina við umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum hennar.

ekki hækka í flóðum vegna mannvirkja umfram það sem gerist við náttúrulegar aðstæður, að fyrir liggja alhliða áætlun um veitutilhögunina, þ.m.t. um hvernig megi bregðast við ef rekstur lönsins sýni að áhrif inn í friðlandið verði önnur og meiri en útreikningar sýna. Einnig að rennsli í kvíslum vegna setlóna / veitulóns norðan friðlandsins verði að minnsta kosti  $3 \text{ m}^3/\text{s}$  og að gert sé ráð fyrir frekara rennsli sýni vöktun að land þorni vegna lækkunar grunnvatnsstöðu. Umhverfisstofnun telur að ofangreindar forsendur eigi að koma fram í greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2104 eftir því sem við á.

Í úrskurði setts umhverfisráðherra frá 30. janúar 2003 eru sett skilyrði fyrir framkvæmdum við Norðlingaölduveitu, m.a. að veitan hafi engin langtímaáhrif á friðlandið í Þjórsárverum. Þá liggur fyrir nánari útfærsla Landsvirkjunar á veitutilhögun sem Umhverfisstofnun hefur veitt umsögn um. Viðmiðunarstærðir fyrir fyrirhuguð lón sem unnið hefur verið með í samræmi við framangreindan úrskurð eru eftirfarandi:

Norðlingaöldulón – allt að  $4,9 \text{ km}^2$ , miðað við lónhæð í 567,5 m y.s. og  $3,1 \text{ km}^2$  við 566 m y.s.

Þjórsárjökulslón –  $0,3 \text{ km}^2$

Vesturkvíslalón –  $4,0 \text{ km}^2$

Grjótakvíslarlón –  $0,4 \text{ km}^2$

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að gæta þess að stærð lóna á skipulagsupprætti verði í samræmi við fyrrgreindar stærðir.

### Jarðvarmavirkjun í Sveðjuhrauni

Á skipulagsupprætti er afmarkað iðnaðarsvæði við Hágöngur, sem tekur m.a. til Sveðjuhrauns og kemur fram í greinargerð að gert er ráð fyrir jarðvarmavirkjun í Sveðjuhrauni.

Umhverfisstofnun bendir á að Sveðjuhraun er nútímahraun en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu slík hraun njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í ljósi þess telur stofnunin rétt að draga úr stærð þess svæðis sem skilgreint er fyrir orkuvinnslusvæði, þannig að minna af hrauninu skerðist. Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til frekari athugasemda við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### Háspennulínur frá jarðvarmavirkjun við Hágöngulón

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur háspennulínum milli jarðvarmavirkjunar við Hágöngur og Sprengisandslínu. Í greinargerð með skipulagstillögunni segir m.a.:

*„Línustæðið er fyrsta tillaga, sem eftir er að útfæra nánar í mati á umhverfisáhrifum. Í því ferli verður að skilgreina línulegu og tengingu við landskerfið þannig að umhverfisáhrif á svæðinu verði í lágmarki.“*

Umhverfisstofnun bendir á að þar til mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefur farið fram, þar sem m.a. á að fjalla um umhverfisáhrif mismunandi valkosta, liggur ekki fyrir hvaða staðsetning hefði í för með sér minnst umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur því að þar til niðurstaða liggur fyrir í mati á umhverfisáhrifum háspennulínanna eigi ekki að sýna ákveðna línuleið á aðalskipulagsupprætti.

### Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistökusvæði í greinargerð með skipulagstillögunni eru tilgreindar nokkrar námur sem nýta á í þágu orkuvinnslu. Fram kemur að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum fyrir þessar námur. Námurnar eru á skipulagsupprætti auðkenndar með númerum frá E14 til E21.

**Mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar**

Í greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps er sérstakur kafli um mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar hvað varðar jarðvarmavirkjun í Sveðjuhrauni og Hágöngulínu. Í greinargerðinni kemur fram að ekki sé fjallað um Norðlingaöldu þar sem mat á umhverfisáhrifum veitunnar liggja fyrir. Umhverfisstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við umfjöllun um umhverfisáhrif jarðvarmavirkjunar í Sveðjuhrauni og Hágöngulínu.

*Jarðvarmavirkjun í Sveðjuhrauni*

Í greinargerðinni kemur fram að virkjunin bæti aðgengi að Vonarskarði og vestanverðum Vatnajökli sem gefi nýja möguleika á sviði ferðaþjónustu. Þar segir einnig að með nýjum vegum muni svæðið opnast fyrir ferðafólk almennt eins og tíðkast á háhitasvæðum sem nú eru virkjuð, en virkjun muni á hinn bóginn draga úr áhuga hluta útivistarfólks.


Umhverfisstofnun telur ekki ljóst í hverju þetta bættu aðgengi felst enda ekki gert ráð fyrir nýjum vegtengingum að Vonarskarði eða Vatnajökli. Þá bendir stofnunin á að hægt er að bæta aðgengi að útivistarsvæðum eða áhugaverðum stöðum án þess að til virkjunar komi. Jafnframt telur stofnunin að við mat á áhrifum virkjunar á útivist og ferðaþjónustu verði að hafa í huga að stór hluti þess fólks sem ferðast um hálendi Íslands er fyrst og fremst að sækjast eftir því að skoða og upplifa náttúru landsins. Kannanir sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna benda til dæmis allar til mikilvægis sérstæðrar náttúru fyrir ferðamennsku á Íslandi.


*Hágöngulína*

Samkvæmt töflu á bls. 7 í greinargerð segir að Hágöngulína muni hafa fremur lítil sjónræn áhrif á landslag og jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að ein helstu umhverfisáhrif sem lagning háspennulína hefur í för með sér eru sjónræn áhrif og því virðist nokkuð lítið gert úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Aukin sjónræn áhrif geta dregið úr verðmæti landslags og þar með haft áhrif á gildi svæða til útivistar. Umhverfisstofnun telur óljóst með hvaða hætti háspennulínan getur hugsanlega haft staðbundin áhrif á siglingar eins og segir í greinargerð.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigríós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Þorsson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.